



ÁRSSKÝRSLA 2022

AMNESTY
INTERNATIONAL



AMNESTY INTERNATIONAL STENDUR VÖRÐ UM MANNRÉTTINDI, RÉTTLÆTI, FRELSI OG REISN

Amnesty International er alþjóðleg mannréttindahreyfing rúmlega tíu milljóna einstaklinga í meira en 150 löndum.

Félögum misbýður þau mannréttindabrot sem eiga sér stað um heim allan en sameinast í von um betri heim þar sem sérhver einstaklingur nýtur mannréttinda sinna.

Hreyfingin leitar hvorki eftir né tekur við fjármagni til mannréttindarannsókna frá ríkisstjórnnum eða stjórnmalaflokkum og þannig er starf Amnesty International óháð trúarbrögðum, hagsmunum fyrirtækja og stjórnmalastefnum. Amnesty International treystir eingöngu á frjáls framlög frá einstaklingum eins og þér til þess að tryggja hlutleysi hreyfingarinnar.

Í krafti alþjóðlegrar samstöðu vinnur hreyfingin að því að vernda fólk hvar sem er í heiminum, þar sem brotið er á mannréttindum, réttlæti, frelsi eða reisu. Starf samtakanna skilar raunverulegum árangri en á hverju ári fær fjöldi einstaklinga lausn sinna mála vegna þrýstings frá þúsundum aðgerðasinna. Lögum ríkja og háttarni yfirvalda hefur einnig verið breytt fyrir tilstuðlan starfs Amnesty International.

Amnesty International nýtur trausts samfélagsins og leita yfirvöld til samtakanna eftir áliti og athugasemdum við frumvörp til laga og tillögur til þingsályktunar sem deildin veitir fúslega þegar við á.

ÞÁTTTAKA ÞÍN BJARGAR MANNSLÍFUM!

Allt starf Amnesty International er fjármagnað og knúið áfram af einstaklingum eins og þér!
Hvert framlag – hver aðgerð vegur þungt.

**Íslandsdeild Amnesty International
þakkar félögum fyrir ómetanlegan
stuðning á árinu 2022**



ÁRSSKÝRSLA ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL 2022

Amnesty International stendur vörð um mannréttindi, réttlæti, frelsi og reisn	2
Frá formanni	4
Fólkið á bak við starfið	5
Verkefni Íslandsdeildarinnar 2022	6
Ályktanir stjórnar á árinu	8
Ísrael/Palestína og Úkraína	9
Aðgerðastarf, ungliðahreyfingin og mannréttindafræðsla	10
Þitt nafn bjargar lífi	11
Stefnumótun deildarinnar og rannsóknarvinna	12
Fjölmiðlar og samskipti við stjórnvöld	13
Fjáröflun og listaverkauppboð	14
Myndir úr starfinu	14
Helstu tekjur og gjöld	15

FRÁ FORMANNI

Þegar horft er í baksýnisspegilinn kemur fyrst upp í hugann að í byrjun síðasta árs var heimurinn enn að berjast við heimsfaraldur sem hafði víðtæk áhrif á réttindi fólks, svo sem tjáningarfrelsi og ferðafrelsi sem og auðvitað heilsu. Í febrúar gerðist svo það sem maður sá ekki fyrir, innrás Rússlands í Úkraínu.

Snemma árs gaf Amnesty International út ítarlega skýrslu um aðskilnaðarstefnu Ísraels og hryllilegar aðgerðir gegn palestínsku fólki: umfangsmiklar landtökur og eignarnám, ólögmat dráp, þvingaða brottflutninga, verulega skerðingu á ferðafrelsi og þess að fólki sé synjað um ríkisfang eða ríkisborgararétt. Skýrslan hlaut mikla umfjöllun bæði í fjölmiðlum og innan alþjóðasamfélagsins, svo sem innan alþjóðadómstólsins í Haag.

Alþjóðadagur öruggs þungunarrofs er ár hvert 28. september. Á þeim degi er sjálfræði yfir eigin líkama fagnað og vakin athygli á því að réttur til þungunarrofs er víða takmarkaður. Það er því miður alltof ströng löggjöf í mörgum löndum gegn sjálfsákvörðunarvaldi fólks til þungunarrofs. Ekki þarf að leita lengra en til Færeyja, þar sem þungunarrofslög eru með þeim ströngustu sem þekkjast í Evrópu. Í ár mun Amnesty International meðal annars beita sér fyrir því að þessum lögum verði breytt.

Við heyrum daglega neikvæðar fréttir í fjölmiðlum en það er mikilvægt bæði fyrir okkur sem störfum fyrir hreyfinguna og einnig fyrir ykkur sem styðjið við starfið, bæði fjárhagslega og með gjörðum, að heyra af öllum þeim sigrum sem nást. Árið 2022 náðist heilmikið fram: fólk sem sætti ólögmatrí fangelsisvist fékk frelsi á ný, gerendur mannréttindabrotu voru látnir sæta ábyrgð, mikilvægar ályktanir voru samþykktar á alþjóðavettvangi og umbætur á löggjöf áttu sér stað í ýmsum löndum. Afnám dauðarefsingarinnar á heimsvísu hélt áfram að mjakast í rétta átt og einnig urðu framfarir á sviði kvenréttinda og hinsegin fólks.

Þrátt fyrir góðar fréttir frá hinum ýmsu löndum hefur Amnesty International greint bakslag í ýmsum málaflokkum. Skertari réttindi hinsegin fólks, sýnilegri rasismi, bann við þungunarrofi, mannréttindabrot í stríðshrjádum löndum og aukinn fjöldi flóttafólks minnr okkur á af hverju það er mikilvægt að við sameinumst sem flest í að standa vörð um mannréttindi.

Íslandsdeild Amnesty International heldur úti öflugum fræðslustarfi og það gera fjölmörg önnur samtök sem starfa í þágu mannréttinda. Skólar, samtök, stofnanir og fyrirtæki geta óskað eftir slíkri fræðslu og eins er heimasíða deildarinnar með víðtækt fræðsluefni.

Það var ánægjulegt á nýliðinni aðventu þegar Íslandsdeild Amnesty náði markmiði sínu í stærstu árlegu herferð samtakanna, *Þitt nafn bjargar lífi*, og safnaði alls 57.803 undirskriftum. Það má ýmislegt um okkur hér á Íslandi segja og margt má bæta en við erum mörg með hjartað á réttum stað þegar kemur að mannréttinda- og mannúðarmálum.

*Eva Einarsdóttir,
formaður Íslandsdeildar Amnesty International*



**Eva Einarsdóttir, formaður
Íslandsdeildar Amnesty International**



GÓÐAR FRÉTTIR: BERNARDO CAAL XOL FÉKK FRELSI

Bernardo Caal Xol fékk frelsi á ný í mars í kjölfar þess að mál hans var í þitt nafn bjargar lífi 2021. Hann var samviskufangi í Gvatemala fyrir umhverfisbaráttu sína. „Í fjögur ár og tvo mánuði var ég fastur í martröð fangelsis. Fjögur ár og tveir mánuðir af sársauka, áhyggjum og óvissu. En þið í Amnesty International gáfuð mér von um frelsi og nú er ég frjál.“

FÓLKIÐ Á BAK VIÐ STARFIÐ

Íslandsdeildin er ein af fjölmörgum landsdeildum Amnesty International en samtökin eru starfrækt í 68 löndum. Starfsemi Íslandsdeildarinnar væri ekkert án fólksins en þar sitja nú sjö í stjórn, fimm ungmenni sitja í stjórn ungliðahreyfingarinnar og eru átta stöðugildi á skrifstofu deildarinnar allt árið um kring.



STJÓRN ÍSLANDSDEILDARINNAR 2022–2023

Formaður

Eva Einarsdóttir

Varaformaður

Claudia Ashonie Wilson

Ritari

Helena Hafsteinsdóttir

Gjaldkeri

Ólöf Salmon Guðmundsdóttir

Meðstjórnandi

Harpa Pétursdóttir

Varamenn

Albert Björn Lúdvígsson
G. Pétur Matthíasson



STJÓRN UNGLIÐA

Formaður

Askur Hrafn Hannesson

Meðstjórnendur

Huguína Júlía Gunnarsdóttir
Karólína Rós Bjartsdóttir
Íris Björk Ágústsdóttir
Júlía Guðmundsdóttir



Í stjórn ungliðahreyfingarinnar 2022–2023 voru Sávía Guimaraes, Karólína Rós Bjartsdóttir, Askur Hrafn Hannesson, Huguína Júlía Gunnarsdóttir, Júlía Guðmundsdóttir og Íris Björk Ágústsdóttir.

STARFSFÓLK ÁRIÐ 2022

Framkvæmdastjóri

Anna Lúðvíksdóttir

Fjáröflunarstjóri

Sonja Huld Guðjónsdóttir
(í fæðingarorlofi frá október)

Fræðslustjóri:

Vala Ósk Friðudóttir (í leyfi júlí til desember)

Herferðastjóri:

Bryndís Bjarnadóttir

Lögfræðingur:

Þórunn Pálína Jónsdóttir

Rekstrarfulltrúi:

Anna Dóra Valsdóttir

Ungliða- og aðgerðastjóri:

Árni Kristjánsson
Pálmi Freyr Hauksson (tímabundið verkefni frá desember)


Verkefnastjóri:

Rúna Friðriksdóttir (einnig fjáröflunarstjóri frá október)

Bókhald:

Debet – endurskoðun og reikningsskil

FÉLAGAR OG AÐGERÐASINNAR ÁRIN 2021–2022



VERKEFNI ÍSLANDS- DEILDARINNAR 2022

BAKHJARLAR FLÓTTAFÓLKS

Vinna við verkefnið *Bakhjarlar flóttafólks* (e. Community sponsorship) hélt áfram á árinu en kjarni hugmyndarinnar að baki verkefninu er að almennir borgarar, hópar eða samfélög gerist bakhjarlar og stuðningsaðilar flóttafólks í eigin landi í eitt til tvö ár eftir komu þess til landsins. Flóttafólkið hefur þá flest verið skrásett í flóttamannabúðum Sameinuðu þjóðanna og fengið viðurkennda stöðu sem slíkt. Í stað þess að ríkið haldi alfarið utan um endurbúsetu flóttafólksins í þriðja landi koma sjálfboðaliðar, einkaaðilar eða samtök að ferlinu með því að leggja fram fjárhags-, sálræna, hagnýta og annars konar aðstoð við að auðvelda móttöku og aðlögun flóttafólksins að samfélaginu. Þó að *Bakhjarlar flóttafólks* leysi ekki ábyrgð stjórnvalda af hólmi hefur nálgunin leitt af sér jákvæða þróun þar sem hún hefur verið tekin upp. Í desember 2022 fór verkefnastjóri verkefnisins hjá Íslandsdeild Amnesty á þriggja daga ráðstefnu í Madrid á vegum Amnesty International og GRSI (e. Global Refugee Sponsorship Initiative) þar sem yfir 100 fulltrúar frá rúmlega 20 ríkjum komu saman og miðluðu af reynslu sinni af bakhjarlaverkefnum sinna ríkja. Það var samróma álit þeirra að nálgun bakhjarla hefði dregið úr félagslegri einangrun, fordómum og útlendingahatri, styrkt samfélagsgerðina og stuðlað að árangursríkri inngildingun flóttafólks.



Dagana 30. nóvember til 2. desember var haldin ráðstefna í Madrid á vegum Amnesty International og GRSI þar sem rúmlega 100 fulltrúar 17 ríkja komu saman og ræddu nálgunina *Bakhjarlar flóttafólks*.



Fólk miðlaði reynslu sinni af ólíkum áskorunum og lausnum bakhjarlaverkefna og miklar samræður spunnust upp.

EINANGRUNARVIST GÆSLUVARÐHALDSFANGA

Íslandsdeild Amnesty International sendi umsögn til nefndar Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum er varðar beitingu einangrunarvistar í gæsluvarðhaldi ásamt tilmælum í apríl 2022 í aðdraganda fyrirtöku á Íslandi. Nefndin skilaði síðan álitinu sínu og tilmælum til íslenskra stjórnvalda og gerði m.a. alvarlegar athugasemdir við íslenskan lagaramma er varðar umrædda beitingu.

Deildin ytti einnig úr vör ítarlegri rannsókn á beitingu einangrunarvistar í gæsluvarðhaldi sem leidd var af Louise Finer en hún stýrði um árabil skrifstofu um eftirlit með frelsis-sviptum í Bretlandi. Heimsótti Louise Ísland í apríl og tók viðtöl, ásamt tveimur starfsmönnum deildarinnar, við fjölmarga hagaðila, sbr. dómara, lögmenn, fyrrverandi og núverandi fanga, starfsfólk innan dómsmálaráðuneytisins, Fangelsismálastofnunar, ákærusviðs lögreglunnar, dómsstólasýslunnar, ríkissaksóknara og fleiri.

Í framhaldinu var unnið úr þeim gögnum sem aflað hafði verið á árinu og skýrsla samtakanna „*Waking up to nothing*“:




Útisvæðið í fangelsinu á Hólmsheiði.



Forsíðumynd skýrslunnar sem Anna Kristín Shumeeva teiknaði.

Harmful and Unjustified use of pre-trial solitary confinement in Iceland skrifuð af Louise Finer og yfirfarin af Íslandsdeildinni og aðalstöðvum samtakanna. Stefnt var að útgáfu skýrslunnar í nóvember en hún dróst fram til ársins 2023.



GÓÐAR FRÉTTIR:

MAGAI LAUS ÚR HALDI Í SUÐUR-SÚÐAN

Magai Matiop Ngong í Suður-Súdan var dæmdur til dauða 15 ára gamall en dauðadómurinn var felldur úr gildi í júlí 2020 í kjölfar herferðarinnar Þitt nafn bjargar lífi 2019. Hann var loks leystur úr haldi í mars 2022. „Máttur Þitt nafn bjargar lífi og mannúðar geta gert kraftaverk og endurheimt virðingu þína og réttindi.“

LOFTLAGSVÁIN

Í júlí 2022 samþykkti Allsherjarráð Sameinuðu þjóðanna ályktun um viðurkenningu á réttinum til heilnæms umhverfis. Amnesty International fagnar þessum mikilvæga áfanga en umhverfismál eru eitt helsta verkefni deildarinnar næstu þrjú ár. Undirbúningsvinna hófst á árinu og hefur starfsfólk verið í samskiptum við suðuramerísku deild samtakanna þar sem umhverfismál eru í öndvegi. Eitt helsta markmið þeirra næstu árin er að ríkisstjórnir á svæðinu dragi úr bruna jarðefnaeldsneytis í iðnaði sem ýtir undir losun gróðurhúsalofttegunda og brýtur mannréttindi fólks í viðkvæmum hópum og samfélögum. Á árinu hófst undirbúningur fjárflyunarherferðar hér á landi sem fer fram árið 2023 þar sem aflað verður fjár fyrir verkefni í Ekvador tengdu þessu markmiði.



Súpusleifar tákn andstöðu í Búrkína Fasó.



Ein myndana sem voru notaðar í auglýsingaherferð deildarinnar.

TJÁNINGARFRELSI - RÉTTURINN TIL AÐ MÓTMÆLA

Í ágúst var hrundið af stað herferð á samfélagsmiðlum þar sem vakin var athygli á réttinum til að mótmæla. Markmiðið var fyrst og fremst að koma á framfæri ítarlegu námsefni sem unnið var af deildinni árið 2021 og hvetja fólk til að kynna sér það. Efnið sem birtist á samfélagsmiðlum vakti m.a. athygli á því að mótmæli geta tekið á sig ýmsar myndir og fara ekki eingöngu fram á götum úti heldur geta verið þögnul og farið fram á netinu. Þá voru birtar margvíslegar og ólíkar táknmyndir andstöðu eftir löndum, samanber áletraðar borðtenniskúlur í Sýrlandi sem voru nýttar í þeim tilgangi að koma friðsamlegum skilaboðum á framfæri á hættuleg svæði, súpusleifar í Búrkína Fasó þar sem konur mættu á götur úti til að krefjast afsagnar forsetans, herðatré í Argentínu sem urðu tákn um ótryggt þungunarrof og risastórar gúmmiendur sem urðu þekkt tákn mótmælenda vegna krafna um lýðræðisumbætur.

Þá var meginþemað í *Þitt nafn bjargar lífi* árið 2022 rétturinn til að mótmæla og lutu því öll málin með einum eða öðrum hætti að brotum sem einstaklingar eða hópar hafa sætt á þessum grundvallarrétti.

ÁLYKTANIR STJÓRNAR Á ÁRINU

ÍSLANDSDEILD AMNESTY INTERNATIONAL SENDI FRÁ SÉR ÞRJÁR YFIRLÝSINGAR Á ÁRINU, TVÆR SEM VARÐA BROTTVÍSANIR UMSÆKJENDA UM ALÞJÓÐLEGA VERND OG EINA VEGNA BEITINGAR EINANGRUNARVISTAR GEGN BÖRNUM Á ÍSLANDI.

Íslandsdeildin hefur ítrekað gagnrýnt brottvísanir til Grikklands og stefnu íslenskra stjórnvalda um að taka ekki til efnislegrar meðferðar mál einstaklinga í sérstaklega viðkvæmri stöðu sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi. Í júní sendi deildin frá sér yfirlýsingu þar sem hún lýsti áhyggjum sínum yfir því að íslensk yfirvöld tækju ítrekað umsóknir um alþjóðlega vernd ekki til efnislegrar meðferðar og sendu þess í stað umsækjendur aftur til fyrsta viðtökuríkis innan Schengen, sérstaklega Grikklands. Aðbúnaður flóttafólks í Grikklandi hefur m.a. verið gagnrýndur af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og Amnesty International. Fjölmargar heimildir, svo sem skýrslur Evrópuráðsins, og mannréttinda- og frjálsra félagasamtaka gefa til kynna að raunverulegri stöðu flóttafólks í Grikklandi sé verulega ábótavant.

Í nóvember gaf deildin út yfirlýsingu

á svipuðum nótum og fordæmi brottvísanir íslenskra stjórnvalda á umsækjendum um alþjóðlega vernd sem þegar hafa fengið stöðu sína viðurkennda í Grikklandi. Deildin harmar hina ómannúðlegu og vanvirðandi meðferð stjórnvalda gagnvart þessum viðkvæma hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd sem sviptur var frelsi sínu og þvingaður úr landi aðfaranótt 3. nóvember sama ár.

YFIRLÝSING ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL VEGNA BEITINGAR EINANGRUNARVISTAR GEGN BÖRNUM

Á árunum 2012 til 2021 sættu tíu börn einangrun í gæsluvarðhaldi á Íslandi.

Íslandsdeild Amnesty International fordæmir beitingu einangrunarvistar gegn börnum í gæsluvarðhaldi í öllum tilfellum. Beiting einangrunarvistar gegn börnum er skýrt brot gegn alþjóðlegum

mannréttindalögum og viðmiðum. Þegar einangrunarvist er beitt gegn börnum hér á landi brjóta stjórnvöld gegn alþjóðlegu banni við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í álitni nefndar Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum í maí 2022 er áhyggjum lýst yfir því að börn hafi sætt einangrun í gæsluvarðhaldi á Íslandi. Íslandsdeild Amnesty International hvetur stjórnvöld til að bregðast við tilmælum nefndarinnar og endurskoða laga- og verklagsramma svo tryggt sé að börn sæti aldrei einangrun í gæsluvarðhaldi í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög.

Fjölmörg bréf með áskorunum voru einnig send til íslenskra stjórnvalda þar sem skorað var á þau að setja ákveðin mannréttindamál í forgrunn hér heima sem og á alþjóðavettvangi. Lesa má um það á bls. 13.



GÓÐAR FRÉTTIR:

LÆKNIR SÝKNAÐUR AF ÁKÆRU UM ÞUNGUNARROF

Miranda Ruiz, læknir í ARGENTÍNU, stóð frammi fyrir fangelsi fyrir að framkvæma þungunarrof án samþykkis þrátt fyrir að starfa samkvæmt lögum. Hún var loks sýknuð í september 2022, ári eftir að rannsókn hófst. Argentína lögleiddi þungunarrof árið 2020 eftir áratugalanga baráttu þar í landi.



GÓÐAR FRÉTTIR:

TÍMAMÓTAÁLYKTUN ÍSLANDS OG ÞÝSKALANDS

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti tímamótaályktun sem ÍSLAND og ÞÝSKALAND lögðu fram um að rannsaka mannréttindabrot í ÍRAN í kjölfar mótmælaöldu í landinu sem hófst þann 16. september 2022. Íslandsdeildin fagnaði þessari ályktun og er framganga Íslands í mannréttindaráðinu afar mikilvæg og góð hvatning til annarra smárikja.

ÍSRAEL/PALESTÍNA OG ÚKRAÍNA

ÍSRAEL

Í febrúar 2022 gaf Amnesty International út ítarlega skýrslu þar sem greint var frá því að aðgerðir Ísraels gegn palestínsku fólki væru hluti af stjórnkerfi og jafngiltu aðskilnaðarstefnu samkvæmt alþjóðalögum. Á meðal aðgerða Ísrael eru umfangsmiklar landtökur og eignarnám, ólöglegt dráp, þvingaðir brottflutningar, veruleg skerðing á ferðafrelsi og þess að synja palestínsku fólki um ríkisfang eða ríkisborgararétt.

ÍSRAELSK YFIRVÖLD HAFA SKAPAÐ AÐSKILNAÐARSTEFNU MEÐ FJÓRUM MEGINAÐFERÐUM:

1. SUNDRUNG INNI Á STJÓRNSVÆÐI
2. AÐGREINING OG STJÓRNUN
3. EIGNARSVIPTING LANDSVÆÐIS OG EIGNA
4. SVIPTING EFNAGS- OG FÉLAGSLEGRA RÉTTINDA

TILMÆLI AMNESTY INTERNATIONAL ERU M.A. AÐ:

ÍSRAEL

- ▶ Endi aðskilnaðarstefnuna með því að breyta lögum sem mismuna, kúga og sundra.
- ▶ Tryggi full mannréttindi alls palestínsks fólks hvort sem er í Ísrael eða á hernumdu svæðunum.

ÖRYGGISRÁÐS SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

- ▶ Setji á vopnasölubann til Ísraels.

ALÞJÓÐLEGI SAKAMÁLA-DÓMSTÓLLINN:

- ▶ Taki til greina í rannsókn sinni á hernumdu svæðum Palestínu að þar sé verið að fremja glæp í formi aðskilnaðarstefnu.



Aðgerðasinni vekur athygli á drápum á óbreyttum borgurum í Úkraínu.

ÚKRAÍNA

Rétt rúmlega ár er síðan innrás rússneska hersins í Úkraínu hófst. Um miðja nótt réðust rússneskir skriðrekar inn í landið og herinn gerði atlgur úr mörgum áttum.

Frá upphafi stríðsátakanna hefur Amnesty International skráð stríðsglæpi, þar á meðal eru árásir sem hafa ekki hernaðarleg gildi, setja óbreytta borgara í hættu og hindra mannúðaraðstoð. Úkraínurmenn hafa þurft að ganga í gegnum óhugsandi hrylling í stríðsátökum síðustu 12 mánuðina.

Óbreyttir borgarar á átakasvæðum hafa þurft að þola stöðugar árásir og oft er lokað fyrir vatn, rafmagn og hita. Hendur Vladímírs Pútíns og hersveita hans eru blóði drifnar. Eftirlifendur eiga skilið réttlæti og stríðsbætur fyrir þjáningar sínar. Alþjóðasamfélagið verður að standa fast á sínu til að sjá til

þess að réttlæti nái fram að ganga. Nú ári síðar er ljóst að frekari aðgerða er þörf.

Huga þarf að nýjum leiðum til að ná fram réttlæti. Má þar nefna ákvörðun mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um að setja á stofn sjálfstæða rannsóknarnefnd í mars 2022 sem styður við að alþjóðlegt réttlæti náist til að bregðast við fjölda mála stríðsglæpa og glæps gegn friði þar sem Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn getur ekki rannsakað öll málin vegna takmarkana á lögsögu.

Tryggja skal samstarf við úkraínsk borgaraleg samtök til að setja þolendur í forgang til að aðstoðin nýtist sem best. Alþjóðasamfélagið verður að tryggja gagnsæi, skilvirkni og taka tillit til þarfa þolenda í öllu samstarfi sem snýr að mannúðaraðstoð, uppbyggingu, réttlæti og stríðsbótum.

AÐGERÐASTARF, UNGLIÐAHREYFINGIN OG MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA

MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA

Fræðsluárið 2022 var nokkuð gott (þrátt fyrir leyfi fræðslustjóra frá júlí til desember). Ljóst er að skólasamfélagið var áhugasamt um að fá aftur heimsóknir eftir tveggja ára samkomutakmarkanir vegna kórónuveirufaraldursins. Á árinu voru haldin **46** fræðsluerindi fyrir **2.708** einstaklinga. Flest erindin fóru fram í grunn- og framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu en einnig heimsóttu fræðslustjóri og ungliða- og aðgerðastjóri skóla á Norður- og Austurlandi. Þá voru haldnir fræðslufundir fyrir ýmsa aðra hópa samfélagsins, svo sem Soroptimistaklúbbinn í Skagafirði, Háskóla þriðja æviskeiðsins, Rótarýhreyfinguna og Félag stjórn málafræðinga.

Íslandsdeildin hélt áfram að bæta í safn netnámskeiða á íslensku en námskeiðið **HVAD ER AMNESTY INTERNATIONAL?** kom út í lok árs. Námskeiðið, ásamt þeim sem áður höfðu verið gefin út á íslensku, auk annarra um mannréttindi á ýmsum tungumálum, er aðgengilegt á vefsíðunni <https://academy.amnesty.org/learn>

Sjötta árið í röð var gefið út kennsluefni samhliða herferðinni **PITT NAFN BJARGAR LÍFI** en kennsluefnið gefur nemendum tækifæri til að kafa dýpra í heim mannréttinda og mannréttindabrota ásamt því að grípa til aðgerða í þágu mannréttinda. Kennsluefnið var ekki prentað í ár heldur var aðgengilegt á vefsíðu Íslandsdeildarinnar.

Ákveðið var á árinu að breyta fyrirkomulagi keppinnar **MANNRÉTTINDASKÓLI ÁRSINS** sem síðustu ár hefur verið haldin í kringum **PITT NAFN BJARGAR LÍFI**. Nú verður ekki lengur aðeins verðlaunað fyrir þátttöku skóla í þessari einu herferð heldur viljum við fagna öllu því frábæra mannréttindastarfi sem fram fer í skólum landsins hvert skólaár. Fræðslustjóri og ungliða- og aðgerðastjóri halda utan um keppnina og í lok skólaárs 2023 verða fyrstu grunn- og framhaldsskólarnir verðlaunaðir fyrir starf sitt í þágu mannréttinda.

Árið 2022 fór aðgerðastarf Íslandsdeildar Amnesty International fram í gegnum netákall, sms-aðgerðanet, með þátttöku í **PITT NAFN BJARGAR LÍFI** og þátttöku í starfi ungliða-hreyfingar og aðgerðasinna. Með þessum mismunandi



Í stjórn ungliðahreyfingarinnar 2022–2023 voru Sávía Guimaraes, Karólína Rós Bjartsdóttir, Askur Hrafn Hannesson, Hugrún Júlía Gunnarsdóttir, Júlía Guðmundsdóttir og Íris Björk Ágústsdóttir.

aðgerðaformum tekst deildinni að ná til fjölda fólks, félaga og almennings í þeim tilgangi að uppfæða, efla og hvetja til þátttöku í baráttunni fyrir mannréttindum.


Í lok árs 2022 voru félagar í netákalli **20.643** talsins og gripu þeir til aðgerða í **33** málum á árinu, **44.218** undirskriftir söfnuðust sem sendar voru stjórnvöldum víða um heim.

Skráðir félagar í SMS-aðgerðanetinu voru **6.377** í lok árs 2022 sem fengu **36** áköll send og söfnuðust **16.046** undirskriftir.

UNGLIÐAHREYFINGIN

Starf ungliðahreyfingar Íslandsdeildar Amnesty International tók við sér á ný eftir nokkur lágstemmd ár. Hápunktar ungliðastarfsins eru öflug mannréttindavika í Háskóla Íslands, þátttaka tíu ungliða í Norrænu ungliðaráðstefnunni sem haldin var í Finnlandi og Lifandi bókasafn sem haldið var með ungliðum tékknesku deildar Amnesty International.

Í lok árs 2022 voru **196** skráðir í ungliðahreyfingu Íslandsdeildar Amnesty International um land allt. Alls stóð ungliða-hreyfingin fyrir **15** aðgerðum og viðburðum.



Vala Fríðudóttir, fræðslustjóri Íslandsdeildarinnar, fer víða með alls konar mannréttindafræðslu. Hér fræðir hún nemendur í Ölduselsskóla um flóttafólk.



ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

Afráðið var að vinna ekki með auglýsingastofu við skipulagningu og útfærslu á árlegri herferð Amnesty International *Þitt nafn bjargar lífi* árið 2022 heldur að nýta markaðsefni frá aðalstöðvum samtakanna og draga þannig verulega úr kostnaði. Þrátt fyrir mun minna fjármagn í herferðina gekk hún vonum framár en alls söfnuðust 57.807 undirskriftir vegna tíu áriðandi mála á aðgerðakort, í SMS-aðgerðaneti, netákalli og á vefsíðu átaksins. Öll málin tengdust brotum gegn réttinum til að mótmæla.

Aðeins 13 prósent færri undirskriftir söfnuðust í heildina árið 2022 en árið 2021. Fjöldi undirskrifa á vefsíðunni var 52.369 sem er nokkuð umfram þann árangur sem stefnt var að og aðeins rúmlega 2000 færri vefundirskriftir en árið 2021. Flestar undirskriftir söfnuðust fyrir mál Aleksöndru Skochilensko frá Rússlandi og Joönuh, Cevilliu og Netsai frá Simbabve.

VIÐBURÐIR

Alls tóku 13 staðir um land allt þátt í undirskriftasöfnun á aðgerðakort eins og á síðasta ári, á kaffihúsum, bókasöfnum og jólamörkuðum. Söfnunin gekk ágætlega en samtals náðist að safna 5451 undirskrift á aðgerðakortin. Ljóst er að sífellt færri skrifa undir aðgerðakortin enda hefur söfnunin að mestu færst yfir á netið.

Þá stofnaði deildin til samstarfs við rúmlega 50 listamenn sem stóðu fyrir röð óvæntra uppákoma í Kringlunni þann 23. nóvember til að vekja athygli á herferðinni. Rúmlega fimmtán aðgerðasinnar tóku einnig þátt í henni og söfnuðu rúmlega 500 undirskriftum vegna málanna tíu.

Listakonan Natka Klimowicz málaði listaverk af Aleksöndru á vegg kaffihússins Kaffi Vest sem stendur enn.

Mun færri fjölmiðlaumfjallanir voru um herferðina árið 2022 eða einungis 11 en voru 28 árið áður en það skýrist m.a. af því að færri viðburðir fóru fram en ekkert málþing eins og árið 2021.

Alls söfnuðust rúmlega 6300 undirskriftir frá framhaldsskólunum.



Vegglistaverk sem listakonan Natka Klimowicz á heiðurinn af.



Danshópurinn REC sló í gegn í Kringlunni.

STEFNUÁHERSLUR AMNESTY

FRAMTÍÐARSÝN

Við sinnum mannréttindastarfi þar til síðasti samviskufanginn verður leystur úr haldi



STEFNUMÓTUN DEILDARINNAR OG RANNSÓKNARVINNA

Árið 2021 sökkta stjórn og starfsfólk sér í stefnumótun fyrir deildina sem Eva Magnúsdóttir hjá Podium leiddi. Afrakstur vinnunnar er leiðarljós stjórnar og starfsfólks til þess að taka ákvarðanir í samræmi við þá sameiginlegu greiningarvinnu sem átti sér stað.

Styrkleikar einstaklinganna í stjórninni eru margvíslegir og geta samtökin nýtt þá í sína þágu. Meðal styrkleika má nefna fjölbreyttan bakgrunn, öflugt tengslanet, stefnumiðaða hugsun, reynslu af alþjóðlegri verkefnastjórnun, reynslu af kynningarstarfsemi, mannauðsstjórnun, reynslu úr viðskiptalífinu ásamt akademískum bakgrunni. Þá má einnig nefna aðra sýn vegna uppruna og laga-lega þekkingu á innflytjendamálum og málefnum flóttafólks.

- ▶ Við vinnum eftir stefnu alþjóðasamtakanna í þeim verkefnum sem lögð er áhersla á hverju sinni.

- ▶ Við viljum auka áherslu á að uppræta mannréttindabrot innanlands.
- ▶ Auka aðgengi að innanlandsdeildinni með tilliti til tungumála.
- ▶ Auka fræðslu, rannsóknarstarf innanlands og sérfræðiþekkingu á stöðu mannréttinda hér á landi.

Áberandi stef í allri stefnumótunarvinnunni var að auka og efla rannsóknarstarf deildarinnar með það að markmiði að varpa betra ljósi á stöðu mannrétt-

inda hér á landi og geta nýtt þá vinnu til að þrýsta á innlend stjórnvöld til að gera umbætur í lögum og framkvæmdum þar sem skortur er á öruggri vernd. Lagt var í ítarlega rannsóknarvinnu á beitingu einangrunarvistar í gæsluvarðhaldi hér á landi og má lesa frekar um það á bls. 6–7 hér í skýrslunni.

Önnur áhersla var stækkun deildarinnar. Ákveðið var að fara þá leið að úthýsa ákveðnum tímafrekum verkefnum sem lúta ekki beint að mannréttindum heldur að fjár- og féлагаöflun deildarinnar. Þannig gefst starfsfólki meiri tími til að sinna verkefnum sem lúta að framgangi mannréttindamála í heiminum.

„Íslandsdeild Amnesty International er gríðarlega stolt af þeirri vinnu sem deildin hefur lagt í gerð þessarar skýrslu. Það er mikilvægt að horft sé gagnrýnum augum á stöðu mannréttindamála hér á landi. Niðurtöður skýrslunnar eru sláandi og mikilvægt að íslensk stjórnvöld taki tilmælum Amnesty International alvarlega. Íslensk stjórnvöld eru ekki undanskilin skoðun og gagnrýni, sérstaklega ekki þegar kemur að því hvernig komið er fram við fólk í viðkvæmri stöðu.“

Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri

FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Íslandsdeild Amnesty International átti í töluverðum samskiptum við íslensk stjórnvöld á liðnu ári. Málfein voru af ýmsum toga og ljóst að mikilvægt er að deildin sé vakandi fyrir þeim tækifærum sem bjóðast til þess að koma tillögum og athugasemdum á framfæri við stjórnvöld. Hér á eftir er tæpt á þeim málum sem deildin tók upp við íslensk stjórnvöld.

ÍSLANDSDEILDIN:

- ▶ Gagnrýndi frumvarp dómsmálaráðherra til breytinga á útlendingalögum og lagðist gegn ýmsum tillögðum breytingum sem stuðla að mannréttindabrotum.
- ▶ Hvatti Ísland og önnur ríki mannréttindaráðsins til að taka ástand mannréttindamála í Íran föstum tókum og lagði áherslu á ábyrgðarskyldu í nýjustu ályktun mannréttindaráðsins um stöðu mannréttinda í Íran.
- ▶ Hvatti dómsmálaráðherra til að taka ekki upp notkun rafbyssna við löggæslustörf á Íslandi.
- ▶ Studdi frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum um aukna áherslu á betrun, sáttamiðlun og samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræði, sérstaklega fyrir ungt fólk.
- ▶ Studdi frumvarp til lögfestingar samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- ▶ Hvatti utanríkisráðherra til að kynna sér skýrslu Amnesty um aðskilnaðarstefnu Ísraels og setja mannréttindi í forgrunn í samskiptum sínum við ísraelsk yfirvöld.
- ▶ Studdi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum er varðaði rýmkun á hatursorðræðuhugtaki laganna.
- ▶ Studdi frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.
- ▶ Hvatti stjórnvöld til að endurskoða brottvísanir og stranga stefnu sína um að taka ekki til efnislegrar meðferðar mál einstaklinga í sérstaklega viðkvæmri stöðu sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi.
- ▶ Fagnaði tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025 og kynnti nálgun *Bakhjarla flóttafólks* fyrir velferðarnefnd.
- ▶ Hvatti utanríkisráðherra til að standa við skuldbindingar um að vernda kvenréttindi í Afganistan.
- ▶ Hvatti stjórnvöld til að styðja ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um réttinn til hreins, heilnæms og sjálfbærs umhverfis.
- ▶ Fagnaði tillögu til þingsályktunar um að Ísland undirriti og fullgildi samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.
- ▶ Fagnaði ályktun um Íran sem Ísland og Þýskaland fóru fyrir í mannréttindaráðinu.

FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI

Umfjöllun í fjölmiðlum um mannréttindi og baráttumál Amnesty International var með betra móti en deildin skráði 237 birtingar í fjölmiðlum. Helst var minnst á Amnesty International í umfjöllunum tengdum flóttafólki, tjáningarfrelsinu, aðskilnaðarstefnu Ísraels gegn palestínsku fólki, stríðsátökum, einangrunarvist, mótmælum og herferðinni *Pitt nafn bjargar lífi*. Á Facebook eru fylgjendur **21.211** og nýtir deildin síðuna nánast daglega til að miðla upplýsingum til almennings. Fylgjendum deildarinnar á Instagram fer fjölgandi og eru þeir nú **1.967** en voru **1.444 ÁRÍÐ 2021**.

Ánægjulegt er að segja frá því að heimsóknum á heimasíðu deildarinnar amnesty.is heldur áfram að fjölga. Rúmlega **59 ÞÚSUND** einstaklingar heimsóttu vefsíðuna árið 2022 en þeir voru rúmlega **49 ÞÚSUND ÁRÍÐ ÁÐUR**.



**MEIRA EN
HELMINGUR
RÍKJA HEIMSINS
HAFNA NÚ
AFNUMIÐ
DAUÐAREFSINGUNA**

**GÓÐAR FRÉTTIR:
DAUÐAREFSINGIN Á UNÐANHALDI Á
HEIMSVÍSU**

Nokkur lönd afnámu dauðarefsinguna á árinu. **KASAKSTAN** afnam hana í janúar og **PAPÚA NÝJA-GÍNEA** í apríl. Ný lög í **MIÐBAUGS-GÍNEU** tóku í gildi í september þar sem dauðarefsingin var afnumin úr hegningarlögum. Forseti **SAMBÍU** tilkynnti í desember að búið væri að afnema dauðarefsinguna þar í landi.

FJÁRÖFLUN OG LISTA-VERKAUPPBOÐ

Samstarfið við **TAKK** og öflun mánaðarlegra styrktaraðila, vonarljósa, gekk vel á árinu. Tekin var ákvörðun um að úthýsa rekstri styrktaraðila okkar einnig hjá fyrirtækinu. Þá bættust **878** aðilar í hópinn á árinu, þar af **406** í gegnum götukynningar. Þeir voru hins vegar mun færri en árið áður en þá var heildarfjöldi nýrra mánaðarlegra styrktaraðila **1.703 MANNS**. Meðalframlag nýrra styrktaraðila hækkaði hins vegar um **23%** og er nú **1.876 KR**. Tekjur á ársgrundvelli frá nýjum félögum eru því um **20 MILLJÓNIR** en voru **30 MILLJÓNIR** árið áður. Kostnaður við öflun var um **14,7 MILLJÓNIR** en var **23 MILLJÓNIR** árið áður. Úthringilistar sem gengu hvað best á síðasta ári voru umbreyting árlegra félaga í mánaðarlega styrktaraðila og svokallaðir leads-listar frá samfélagsmiðlum. Úthringilistinn sem safnaðist í herferðinni **PITT NAFN BJARGAR LÍFI** árið 2022 er stærri en fyrri ár og því lofar fyrsta úthringiverkefni ársins 2023 góðu.

SÍMSTÖÐIN

Samhliða úthringiverkefnum á vegum Takk var hafið samstarf við Símsstöðina sem hringdi út og safnaði stökum

styrkjum. Samstarfið gekk vel og söfnuðust um **20 MILLJÓNIR**.

SMS-AÐGERÐANETIÐ

Árstekjur úr SMS-aðgerðanetinu voru um **45 MILLJÓNIR** og vill Íslandsdeildin þakka Símanum kærlega fyrir stuðninginn við þessa einstöku aðgerða- og fjáröflunarleið.

VÖRUSALA

Íslandsdeildin seldi vörur til styrktarstarfinu fyrir 6,5 milljónir á árinu. FYRIR AMNESTY sokkarnir komu snemma til landsins og haldið var upp á tilefnið í versluninni Andrá Reykjavík. Magga Magnúsdóttir sigraði í hönnuðarsamkeppni sem Íslandsdeild Amnesty International hélt í samvinnu við Listaháskóla Íslands og sokkarnir voru framleiddir í Portúgal. Í ár gekk sokkasalan vonum fram. Framleidd voru 1500 pör eins og fyrri ár og heildarsalan nam rúmum 4 milljónum. Stefnt er því að framleiða enn fleiri pör fyrir næstu júl.

Tekin var sú ákvörðun að hætta að framleiða jólakortin, bæði vegna umhverfissjónarmiða og minnkandi sölu. Jólakort fyrri ára voru seld í Pennanum fyrir rúma hálfa milljón.

VEFSÍÐAN

Selt var fyrir 1,4 milljónir á vefsíðunni á árinu og stakir styrkir af vefsíðu námu 433.500 kr. Þá komu 52 nýir mánaðarlegir styrktaraðilar í gegnum vefsíðuna og greiða 1,2 milljónir á ársgrundvelli.


LISTAVERKAUPPBOÐ Í SAMSTARFI VIÐ GALLERÍ FOLD

Íslandsdeild Amnesty International hélt listaverkauppbóð til styrktar samtökunum dagana 22. janúar til 3. febrúar 2022 sem fram fór á vefsíðu Gallerí Foldar. Á uppboðinu var mikið úrval ólíkra listaverka sem íslenskt samtímalistafólk hafði gefið í verkefnið. Þar mátti meðal annars finna silkiprykk, skúlpúta, teikningar og málverk yfir 40 listamanna. Uppboðið var vel heppnað og rann allur ágóði, um 4,3 milljónir króna, óskertur til mannréttindabaráttunnar.

BREYTINGAR Á SKATTALÖGUM

Vegna breytinga á lögum um skattafrádrátt vegna gjafa/framlaga til almannaheillafélaga var ákveðið að leggja fram lagabreytingartillögu til þess að allir þeir sem styðja við deildina með fjárframlagi geti sótt um og fengið skattaafslátt samkvæmt þessum nýju lögum. Samþykkt var að félagsgjöld yrðu 0 kr. og að öll fjárframlög til deildarinnar teldust styrkir en ekki félagsgjöld.

MYNDIR ÚR STARFINU



HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

TEKJUR

Styrkir og framlög félagsmanna	151.215.012
Baukar og frjáls framlög án hvatningar	132.068
SMS net	44.818.713
Sokkasala	5.693.143
Jóla kort	554.900
Annar söluvarningur	280.101
Listaverkaupboð	4.263.000
Samtals	206.956.937
Vaxtatekjur	3.553.061
Samtals	210.509.998

ÚTGJÖLD

Fjáröflunarkostnaður	51.120.867
Alþjóða- og mannréttindastarf	74.728.694
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	68.613.376
Húsnæðiskostnaður	2.055.198
Samtals	196.518.135

TAKTU ÞÁTT

Í STARFI ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL



VONARLIÓS

Besta leiðin til að styrkja starfið er að gerast Vonarljós. Greitt er mánaðarlega.



STAKUR STYRKUR

Með gjöf þinni styður þú við mannréttinda-baráttu Amnesty International.



SMS-ÁKALL

Þú færð send 3 áköll á mánuði greiðir 199 kr fyrir hvert SMS móttökið. Þú skrifar undir með að svara.



NETÁKALL

Vertu með í netákallinu og þú færð tölvupóst um alvarleg mannréttindarbrot sem krefjast tafarlausra viðbragða.



VEFVERSLUN

Með vörukaupum úr Amnesty-búðinni styrkir þú allt mannréttindastarf Íslandsdeildarinnar.



AÐGERÐASTARF

Þú getur tekið þátt í skipulagningu aðgerða og viðburða, gerst Amnesty fræðari eða skráð þig í ungliðahreyfinguna.

Allt starf Amnesty International er fjármagnað og drifið áfram af einstaklingum eins og þér!